

LÚS, NJÁLGUR OG KLÁÐAMAUR Á MEÐGÖNGU

ICD-10 greiningar:

B85.0 Lúsakvilli; flatlúsakvilli

B80 Njálgsýki

B86 Maurakláði

HÖFUÐLÚS (OG FLATLÚS)

Sjá leiðbeiningar á Heilsuveru: [Höfuðlús | Heilsuvera](#).

Við höfuðlús þarf að [kemba](#) hárið reglulega. Fyrir barnshafandi konur má t.d. mæla með Hedrin®, sem er ekki lyf. Það frásogast ekki, er silicon efni (dimeticon og cyclometicon) sem hjúpar lúsina og gerir út af við hana. Borið í þurrt hár og mikilvægt er að fara eftir leiðbeiningum.

Margvísleg efni og lyf eru á markaði við höfuðlús og mikilvægt fyrir barnshafandi konur að fá góðar upplýsingar í lyfjabúðum ef önnur efni eru notuð.

NJÁLGUR

Sjá leiðbeiningar á Heilsuveru: [Njálgur | Heilsuvera](#)

Vermox® (mebendazol) er í flokki B:3 skv. FASS og hefur ekki verið hreinsað af grun um fósturskemmandi verkun og ætti því að sýna varúð við notkun þess á 1. þriðjungi meðgöngu. Hefðbundnir skammtar sem notaðir eru við njálg hafa þó líklega ekki áhrif á fóstur en lyfið ætti að nota með varúð á meðgöngu og eingöngu ef konan er með njálg. Óvíst er hvort lyfið berist í brjóstamjólki. Ekki er ástæða til að hætta brjóstagjöf þurfi konan á lyfinu að halda.

KLÁÐAMAUR

Sjá leiðbeiningar á Heilsuveru: [Kláðamaur | Heilsuvera](#)

Tenutex® (bensylbensoat og disulfiram) er eina virka lyfið á markaði gegn kláðamaur (scabies). Það er í áhættuflokki B:2 á meðgöngu og flokki IVa við brjóstagjöf skv. FASS, þ.e. lítið vitað um áhrif þess á fóstur/barn. Því er sjálfsagt að forðast að nota það á fyrsta þriðjungi meðgöngu ef hægt er að fresta meðferð.